

Sp.

31. Tillaga til þingsályktunar

[31. mál]

um Suðurnesjaáætlun.

Flm.: Gils Guðmundsson, Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela Framkvæmdastofnun ríkisins:

- I. Að láta undirbúa og gera framkvæmda- og fjármögnunaráætlun um alhliða atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum. Verði áætlunargerðinni flýtt eftir föngum og áfangaskýrslur gefnar út strax og við verður komið.
Við áætlunargerð þessa um uppbyggingu atvinnulífs á Suðurnesjum skal leitast við að ná eftirtöldum markmiðum:
 - a) Að koma á sem nánastri samvinnu og skipulagi um öflun hráefnis til fiskiðnaðar og löndun þess, og skal að þessu leyti litið á allt Suðurnesjasvæðið sem eina heild.
 - b) Að gera áætlun um hæfilegan og nógu fjölbreyttan skipastól, sem gæti þjónað Suðurnesjasvæðinu öllu og tryggt sem jafnasta hráefnisöflun og atvinnuöryggi þess fjölda sem við sjávarútveg vinnur. Verði sérstaklega leitast við að draga úr þeim sveiflum, sem lengi hafa átt sér stað um hráefnisöflun, þegar meira en helmingur ársaflans berst á land á þrem mánuðum, en fiskvinnslustöðvar skortir verkefni meira en hálf t árið.
 - c) Að gera áætlun um nauðsynlega endurnýjun og uppbyggingu fiskvinnslustöðva á svæðinu, þar sem lögð er áhersla á hóflegan fjölda og hagkvæma stærð. Höfð skal í huga æskileg verkaskipting milli einstakra útgerðarstaða. Áætlun um mjöl- og lýsisverksmiðjur verði einn liður þessarar skipulagningar.
 - d) Að gera tillögur um ýmsan iðnað annan en fiskiðnað, svo og atvinnurekstur af öðru tagi, með það í huga að auka fjölbreytni atvinnulífs á Suðurnesjum. Skal það sérstaklega haft í huga við slíka tillögugerð, að hægt verði að tryggja því fólki, sem vinnur á Keflavíkurflugvelli eða við önnur störf tengd dvöl erlends herliðs, atvinnu við innlandan og þjóðhagslega arðbæran atvinnurekstur.
- II. Að undirbúa nú þegar og leggja fram svo fljótt sem við verður komið rökstuddar tillögur um bráðabirgðaskipulag hráefnisöflunar og skynsamlega nýtingu fiskvinnslustöðva á Suðurnesjum, með það fyrir augum að bæta rekstur og tryggja fulla atvinnu. Þess sé gætt, að umræddar bráðabirgðaaðgerðir geti orðið þáttur í þeirri alhliða atvinnuuppbyggingu til frambúðar, sem um er fjallað í I. lið tillögunnar.
- III. Verk það, sem um getur í I. og II. lið þessarar tillögu, skal unnið í samvinnu við Samstarfsnefnd sveitarfélaga á Suðurnesjum eða einstakar sveitarstjórnir, ef hentara þykir, svo og fulltrúa verkalyðsfélaga og sjómannafélaga.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrædd. Henni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Sjávarútvegur hefur löngum verið höfuðatvinnuvegur á Suðurnesjum og er það enn. Hluti mannafla, er starfar við sjávarútveg á landinu öllu, er talinn 12.5%, en er um 40% á Suðurnesjum. Eru það eingöngu Snæfellsnesbyggðir og Vestfirðir, sem hafa að þessu leyti svipað hlutfall og Suðurnes.

Hin síðustu missiri hefur útgerð og fiskvinnsla á Suðurnesjasvæðinu öllu átt við mikla og vaxandi rekstrarerfiðleika að stríða. Er nú svo komið, að margar fiskvinnslustöðvar þar eru ýmist alls ekki reknar eða reknar með hálfum afköstum, jafnvel á hávertíðinni. Er þetta ástand svo alvarlegt, að það verður að teljast hrein ógnun við atvinnuöryggi þess fjölda, sem vinnur við sjávarútveg og aðrar atvinnugreinar á Suðurnesjum. Ber brýna nauðsyn til sérstakra aðgerða til að koma í veg fyrir algert hrun framleiðslunnar á þessu svæði. Þarf þar bæði að verða um skjótvirkar bráðabirgðaráðstafanir að ræða og undirbúning að tillögugerð um nýja og bætta frambúðarskipan mála, þar sem atvinnuöryggi fólksins yrði haft í fyrirrúmi og tryggt eftir föngum.

Margar samverkandi ástæður valda því, hversu sjávarútvegur á Suðurnesjum er illa á vegi staddur um þessar mundir. Miklu veldur að sjálfsögðu minnkandi afli á veiðislóðum Suðurnesjaflotans, svo og óhagkvæmari samsetning aflans en áður var. Þá verður ekki fram hjá því gengið, að óeðlilegur fjöldi vanbúinna frystihúsa og annarra fiskverkunarstöðva og lélegt ástand margra þeirra á hér stóran hlut að máli. Sú endurnýjun skipastóls og fiskiðjufyrirtækja, sem víða hefur átt sér stað á þessum áratug og gerbreytt hefur rekstri og afkomuhorfum jafnt fólks sem fyrirtækja, hefur í mjög litlum mæli náð til Suðurnesja. Víða annars staðar hafa frystihús gjörsamlega skipt um svip og eru nær óþekkjanleg frá því sem áður var. Þar hefur á myndarlegan hátt verið komið til móts við nútímakröfur um aukið hreinlæti, minni mengun og bættan aðbúnað starfsfólks, jafnframt því sem tæknibúnaður hefur verið endurnýjaður og meðferð hráefnisins, geymsla þess og nýting er stórum betri en áður. Allt tryggir þetta öruggari og betri rekstur en ella. Á Suðurnesjum hefur verið nær alger stöðnun í þessum efnum undanfarin ár. Þar hefur sáralítill endurnýjun átt sér stað, og eru frystihús þar um slóðir því mjög vanbúin að flestu leyti miðað við nútímakröfur. Á þessu svæði eru alls um 100 fiskverkunarstöðvar, þar af um 20 frystihús, og gefur auga leið, að slíkur fjöldi er afar óhagkvæmur, hvort sem litið er á fjárfestingu eða rekstur. Er og svo komið, að allur þorri frystihúsa auk fleiri fiskvinnslustöðva á svæðinu, er gersamlega vanbúinn að húsakosti og tækjum og hefur orðið að fá margvíslegar undanþágur frá gildandi starfsreglum, m.a. um hollustuhætti, og hefur af þeim ástæðum legið við lokun sumra þeirra. Skortir víða stórlega á að vatnslagnir og skolplagnir séu í sæmilegu lagi, og undantekningalítið er frágangur á umhverfi fiskvinnsluhúsa á Suðurnesjum í hrópandi ósamræmi við það sem nú er krafist í reglum um hreinlæti og hollustuhætti.

Um nokkurt skeið hefur verið sýnt að hverju fór um útgerð og fiskverkun á Suðurnesjum. Hið skipulagslausa „einkaframtak“, þar sem allt of mörg vanbúin fyrirtæki kepptu um síminnkandi afla, hlaut að komast í þrot. Aldrei hefur ástandið í þessum efnum þó verið jafnillt og nú, þegar margar verkunarstöðvar eru lokaðar í upphafi vetrarvertíðar og lokun vofir yfir hjá öðrum. Undanfarin missiri hafa allmörg af nýrri og betri fiskiskipum Suðurnesjaflotans verið seld í aðra landshluta, bæði vélskip og togarar, og enn munu slíkar sölur vera í undirbúningi.

Ekki þarf að hafa um það mörg orð, hversu viðtækar eru afleiðingar langvinnra og sívaxandi rekstrarörðugleika fyrirtækja sjávarútvegs á Suðurnesjum. Slíkt ástand hefur lamandi áhrif á flestan annan rekstur. Fyrst verða fyrir skakkaföllum þjónustufyrirtæki þau sem næst útveginum standa, vélsmiðjur, dráttarbrautir og netagerðir, en brátt gætir afleiðinga þessa ástands miklu víðar. Sveitarfélögin lenda

í erfiðleikum, rafveitur, tryggingar og lánastofnanir, og síðast en ekki síst starfsfólkið við fiskiðnaðinn og sjómennirnir. Þegar fyrirtæki útgerðar og fiskiðnaðar hafa annaðhvort stöðvast eða skulda nær öllum viðskiptaaðilum sínum stórar upphæðir, hefur það keðjuverkanir og veldur svo alvarlegum kyrkingi í öllu atvinnulífi á svæðinu, að til ófarnaðar horfir.

Það ástand, sem nú er upp komið á Suðurnesjum, er svo alvarlegt, að bráðra úrbóta er þörf. Þær úrbætur verða þó harla lítils virði og síst til frambúðar, sem ekki miða að því að koma stórbættu skipulagi á allan rekstur sjávarútvegsfyrirtækja á svæðinu. Tillaga þessi er flutt til þess að leggja áherslu á nauðsyn nýrra og skipulegra vinnubragða við uppbyggingu útgerðar, fiskiðnaðar og nýrra iðngreina á Suðurnesjum. Suðurnes tákna í tillögu þessari sveitarfélög í Reykjaneskjördæmi sunnan Hafnarfjarðar. Er hér um að ræða útgerðarstaðina Voga, Njarðvíkur, Keflavík, Garð, Sandgerði, Hafnir og Grindavík. Sú er ein meginhugsun tillögunnar, að kleift sé og nauðsynlegt að skipuleggja sjávarútveg og fiskiðnað á þessu svæði í heild með tilliti til atvinnuþarfa fólks og þjóðhagslegrar hagkvæmni við fjárfestingu og rekstur. Þar eiga að vera einar góðir möguleikar á margvíslegri samvinnu og verkaskiptingu, bæði við hráefnisöflun, löndun og vinnslu sjávarafurða. Fjarlægðir milli útgerðarstaða eru tiltölulega litlar, vegir góðir og yfirleitt með varanlegu slitlagi og lokun þeirra vegna snjóá nær óþekkt.

Helstu fiskimið Suðurnesjamanna hafa löngum verið aflasæl á vetrarvertíð og þá að jafnaði ekki langróið. Hér hafa að vísu orðið töluverðar breytingar á síðustu árum vegna hins alvarlega ástands fiskstofna við landið. Þó er það enn svo, að aflinn á vetrarvertíð er meginuppistaða ársaflans af holfiski og veiðarnar fyrst og fremst stundaðar af meðalstórum vélbátum sem róa daglega úr landi, ýmist með línu eða þorskanet. Veiðar lítilla og meðalstórra togbáta eru einnig nokkrar. Helsta nýbreyntin er sú, að nokkrir togarar hafa bæst í Suðurnesjaflotann síðustu missirin, en óvissa ríkir um framtíð þeirrar útgerðar, og tveir togaranna eru raunar þegar seldir í aðra landshluta.

Það er alkunna, að árstíðadreifing afla er mjög mismunandi eftir landshlutum og ræðst bæði af afstöðunni til miða og útgerðarháttum. Sveiflur aflamagns eftir árstíðum hafa óviða verið meiri en á Suðurnesjum, þar sem 50—60% ársaflans hafa einatt horist á land á tveimur til þremur aflahæstu mánuðum ársins og yfir 80% á sex hæstu mánuðum ársins. Slíkar sveiflur valda að sjálfsögðu margvíslegum erfiðleikum fyrir alla aðila. Þetta hefur að vísu tekið dálitlum breytingum síðustu árin með tilkomu skuttogara og minnkandi aflamagni á hávertíð, en er þó enn verulegt vandamál. Hlýtur það að teljast eitt meginverkefni við áætlunargerð um skipulag útgerðar og fiskvinnslu á þessu svæði að tryggja jafnari hráefnisöflun allt árið og þar með jafnari atvinnu.

Utan vetrarvertíðar má gera ráð fyrir að afli sé einatt lítill á nálægum miðum Suðurnesjamanna. Þá verður um langsókn að ræða til miða fyrir Suðvesturlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum. Virðist ljóst, að eins og nú háttar fiskgengd og fiskmagni hér við land sé bátafloata einum um megn að tryggja þá hráefnisöflun utan vetrarvertíðar, sem hlýtur að teljast grundvöllur sæmilegrar afkomu fólks á þessu svæði. Er ekki annað sjáanlegt en sú sókn verði öðrum þræði að byggjast á togurum.

Flm. tillögu þessarar leggja á það áherslu, að kannað verði sérstaklega með hverjum hætti best verði tryggt útgerð hæfilega margra togara, sem þjónuðu Suðurnesjasvæðinu öllu. Varðandi eignaraðild og rekstrarform slíkrar togaraútgerðar Suðurnesja virðist einsætt að sækja fyrirmyndir þangað sem útgerð á félagslegum grundvelli hefur gefið hvað besta raun. Telja verður æskilegt að aðild sveitarfélaga á svæðinu komi til, og þau verði ef til vill burðarás slíkrar útgerðar, hugsanlega með þátttöku fiskvinnslustöðva og fleiri aðila. Kanna þarf enn fremur, með hverjum hætti fulltrúar sjómanna og landverkafólks geta öðlast raunverulegt áhrifavald um rekstur slíks fyrirtækis, sem fyrst og fremst er ætlað það hlutverk að tryggja sem öruggasta og jafnasta atvinnu allt árið.

Veigamikill þáttur þeirrar áætlunar, sem gera þarf um framtíðarskipan útgerðar og fiskvinnslu á Suðurnesjum, eru tillögur um fjármögnun nauðsynlegra framkvæmda. Lánastefnu fjárfestingarsjóða þarf að samræma sem mest þeim fyrirætlunum um atvinnuuppbyggingu á svæðinu, sem tillögur verða gerðar um.

Við áætlunargerð þá, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir, ber að stefna að því, að hægt verði að tryggja öllu verkfæru fólki á Suðurnesjum örugga atvinnu við íslenskan atvinnurekstur af ýmsu tagi. Eins og kunnugt er, vinnur nú allmikill fjöldi fólks á vegum Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli eða í tengslum við dvöl herliðsins. Telja flm. þessarar tillögu einsætt að miða áætlunargerðina við það, að því annarlega ástandi ljúki sem fyrst og fjölbættur innlendir atvinnurekstur í byggðum Suðurnesja komi þar í staðinn.

Að lokum skal lauslega dregið á nokkra möguleika, sem virðast vera fyrir hendi til að auka fjölbreytni atvinnulífs á svæðinu.

Ljóst er að Suðurlandssild á með hóflegri veiði og skynsamlegri nýtingu að geta orðið mikil búbót og góður atvinnuauki á komandi árum. Telja verður hagkvæmt að nota aðstöðuna á Suðurnesjum til að fullvinna margháttaða vöru úr þessu góða og dýrmæta hráefni. Þarf að kanna hagkvæmni þess að koma upp a. m. k. einni niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðju sildar og fleiri fiskafurða á svæðinu.

Með vaxandi sildarsöltun á Suðurlandi virðist fyllilega tímabært að koma upp tunnverksmiðju, og yrði slík verksmiðja einkar vel staðsett á Suðurnesjum.

Bent skal á há möguleika, sem í því kunna að felast að stunda í stórum stíl fiskrækt í hæfilega heitum jarðsjó. Til þess eru talin sérlega góð skilyrði á Suðurnesjum, þar sem er annars vegar jarðsjórinn og hins vegar hráefni frá fiskvinnslustöðvum, en slík starfsemi byggist á nýtingu fisks og fiskúrgangs. Er þegar verið að hefja lokatilraunir með slíka ræktun „laxbirtings“ í Grindavík og framleiðslu í smáum stíl. Sé það rétt, sem ýmsir telja, að fiskrækt með þessum hætti eigi framtíð fyrir sér, hlýtur að fylgja í kjölfarið niðursuðuiðnaður og önnur fullvinnsla á þeim fiski — laxi og silungi — sem ræktaður yrði.

Þá er nauðsynlegt að kanna hugmyndir um framleiðslu rafmagns, þar sem jarðgufa yrði notuð. Er talið, að slík rafmagnsframleiðsla geti auðveldað ýmsa þá iðnaðarframleiðslu, sem háð er raforku á hóflegu verði.

Aðeins skal dregið á væntanlega saltvinnslu. Stofnað hefur verið fyrirtæki til að reisa tilraunaverksmiðju til vinnslu salts úr heitri jarðgufu og verður verksmiðjan byggð við jarðhitasvæðið á Reykjanesi. Gert er ráð fyrir að þessi litla verksmiðja geti tekið til starfa á þessu ári. Hér er að sjálfsögðu um tilraun að ræða, en við hana eru óneitanlega bundnar allgóðar vonir.

Naumast verður því lengi skotið á frest að reisa hér við Faxaflóa a. m. k. eina fullkomna fiskimjölsverksmiðju, en allur verksmiðjukostur okkar á því sviði er úreltur og á engan hátt sambærilegur við það sem nú gerist hjá nálægum þjóðum. Verksmiðjurnar eru allar eldþurrkunarverksmiðjur, gagnstætt því sem gerist hjá keppinautum okkar, sem yfirleitt reka verksmiðjur búnar til gufupurrkunar. Talið er, að fullkomin verksmiðja með gufupurrkun sé forsenda þess, að fiskimjölsiðnaðurinn geti þróast eðlilega. Skal í því sambandi bent á þá merku tilraunastarfsemi, sem fram fer í því skyni að hagnýta fiskimjöl til manneldis. Forsenda slíkrar framleiðslu er fullkomin, nútímaleg verksmiðja. Líklegt má telja, að beislun jarðgufu til þessara nota muni reynast hagkvæm. Telja flm. þessarar tillögu einsætt að rannsakað verði, hvort ekki sé hagkvæmt að reisa slíka fyrsta flokks verksmiðju með gufupurrkun á Suðurnesjum.

Enda þótt hér hafi fyrst og fremst verið bent á ýmsa möguleika í sambandi við bætt skipulag sjávarútvegs og aukna fjölbreytni fiskiðnaðar, þarf jafnframt að rannsaka skilyrði til að reka á Suðurnesjum margvíslegan iðnað af öðru tagi. Verður að telja mjög sennilegt að slíkt sé tiltölulega hagkvæmt, einkum ef um ódýra raforku yrði að ræða. Ber í þessu sambandi að hafa í huga þörfina á að

koma upp margs konar léttum iðnaði fyrir aldraða og öryrkja, og kynni oft að vera hægt að tengja slíkan iðnað öðrum rekstri.

Hér er mikið verkefni fyrir höndum. Alhliða uppbygging þróttmikils og fjölþætts atvinnurekstrar á Suðurnesjum gerist að sjálfsgöðu ekki öll í einu eða á mjög skömmum tíma. En aðstæður eru nú þannig, að nauðsynlegt er að hefjast þegar handa og stíga fyrstu sporin strax á þessum vetri. Skiptir þá meginmáli, að í rétta átt sé stefnt og bráðabirgðaaðgerðir verði fyrsti liður þeirrar nýskipunar til fram-
búðar, sem þarf að verða takmarkið. Tillaga þessi er flutt í því skyni að leggja áherslu á nauðsyn Suðurnesjaáætlunar af því tagi, sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Hinar fyrstu aðgerðir þurfa að koma fljótt, en þær eiga að verða upphaf framtíðarlausnar, sem miðar að því að tryggja öllum íbúum Suðurnesja örugga atvinnu við þjóðnýtt störf.